

Eyjafjarðarsveit
Sigríður Kristjánsdóttir
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík, 17. apríl 2023
UST202304-058/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting – Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhreppar 2008-2020 og Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 – Rammahluti íbúðarbyggðar í Vaðlaheiði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 5. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að rammahluta aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 og aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 fyrir íbúðarbyggð sveitarfélaganna í Vaðlaheiði.

Í greinargerð kemur fram Skipulagssvæðið er um 1090 hektarar að stærð og er innan sveitarfélagsmarka Svalbarðsstrandarhrepps og Eyjafjarðarsveitar. Auk þess segir í greinargerð að tilgangur með gerð rammahluta aðalskipulags er að leggja fram heildstæða stefnu um þróun byggðar í Vaðlaheiði til framtíðar. Stuðlað verði að hagkvæmri þróun íbúðarbyggðar í dreifbýli og gætt skuli að umhverfissjónarmiðum. Horft er á skipulagssvæðið sem eina heild þrátt fyrir að um tvö sveitarfélög sé að ræða. Með heildarstefnu fyrir svæðið verður leitast við að nýta eiginleika svæðisins með skynsamlegum hæð þar sem saman fara íbúðarbyggð, atvinnustarfsemi og þjónusta.

Umhverfisáhrif og náttúra

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er skilgreint mikilvægt fuglalsvæði og vistgerðir með mjög hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóða samningum ¹, svæðis á náttúruminjaskrá ² og votlendis sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum ³ sem geta orðið fyrir áhrifum vegna tillögunnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að settar séu fram skýringamyndir og kort af ofangreindum verndarsvæðum.

Samráð

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://natturuminjaskra.ni.is/>

³ <https://serstokvernd.ni.is/>

Í greinargerð segir að tryggja skal aðgengi íbúa að svæðum sem ástæða er til að vernda vegna náttúrufars, enda eru þau mikilvæg forsenda fyrir byggð á svæðinu þar sem íbúar eiga að njóta nálægðar og góðs aðgengis að umhverfi og ósnortinni náttúru. Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélögin til að halda samráðsfundi með landeigendum og íbúum til að ræða framtíðarhugmyndir að verndun náttúru og umhverfis og endurheimt náttúru, votlendi, fuglalíf og líffræðilegan fjölbreytileika skipulagssvæðisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur